

1922

Föstudaginn 29. nóvember 1991.

Nr. 279/1988. **Protabú Þorsteins Ingasonar**

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Búnaðarbanka Íslands

(Baldvin Jónsson hrl.)

og Sparisjóði Suður-Þingeyinga

(Ásgeir Thoroddsen hrl.).

Nauðungaruppböð. Frávísun frá Hæstarétti. Áfrýjun.
Áfrýjunarleyfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. september 1988. Dómkröfur hans eru þær, að hið áfrýjaða uppböð verði úr gildi felld. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi Búnaðarbanki Íslands krefst þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að dómsathafnir í héraði, þær sem áfrýjað er, verði staðfestar, en í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar.

Stefndi Sparisjóður Suður-Þingeyinga krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hið áfrýjaða nauðungaruppböð standi óhaggað. Jafnframt er þess krafist að áfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu sparisjóðsins, að á árinu 1990 hefði Sparisjóður Reykdæla hætt sjálfstæðri starfsemi og verið sameinaður Sparisjóði Kinnunga og Sparisjóði Aðaldæla. Á árinu 1990 hefðu þeir sameinast í nýjan sparisjóð undir heitinu Sparisjóður Suður-Þingeyinga, sem tekið hefði við aðild málsins.

I.

Í dómum Hæstaréttar í málum nr. 277/1988 og nr. 278/1988, sem dæmd voru í dag, er lýst viðskiptum Þorsteins Ingasonar, Kárhóli

í Reykdælahreppi, við Búnaðarbanka Íslands og Sparisjóð Reykdæla. Þar er einnig gerð grein fyrir fjárnámum, sem Búnaðarbanki Íslands og Sparisjóður Reykdæla gerðu í hlutabréfum Þorsteins í Hólmadrangi h/f.

Með bréfi, dagsettu 13. janúar 1988, óskaði stefndi Búnaðarbanki Íslands þess, að nauðungaruppboð færi fram á hlutabréfum þeim, sem fjárnám var gert í sama dag. Sparisjóður Reykdæla óskaði eftir nauðungaruppboði á hlutafjáreigninni með bréfi 4. febrúar 1988.

Nauðungaruppboð fór því næst fram í uppboðsrétti Strandasýslu 9. febrúar 1988. Var þá meðal annars fært til bókar:

„Uppboðið hefur verið auglýst í dagblöðum, Morgunblaðinu og Dagblaðinu Vísi, svo og með uppfestum auglýsingum í héraðinu. ...

Uppboðshaldari las upp uppboðsskilmála.

Fyrir uppboðsbeiðanda Búnaðarbanka Íslands er mættur Þorvaldur Einarsson yfirlögfræðingur.

Uppboðspoli er ekki mættur og enginn fyrir hans hönd.

Fyrir hönd uppboðsbeiðanda Sparisjóðs Reykdæla mætir Már Ólafsson.

Fór uppboðið þá fram.

Lögmaður Búnaðarbanka Íslands vill láta bóka, að gerðarþoli, Þorsteinn Ingason, hafi óskað eftir því, að öll hlutabréfin verði boðin upp í einu lagi.

Stjórnarformaður Hólmadrangs hf. er mættur og upplýsir, að félagið hafi ekkert við uppboðssölu þessara hlutabréfa að athuga.

Búnaðarbanki Íslands bauð kr. 3.000.000,- og krefst úthlutunar sem ófullnægður veðhafi.

Engin frekari boð bárust.

Voru Búnaðarbanka Íslands slegin bréfin fyrir kr. 3.000.000,-.“

Bú Þorsteins Ingasonar var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 22. apríl 1988. Á skiptafundi í þrotabúinu 4. ágúst 1988 var samþykkt að áfrýja ofangreindu nauðungaruppboði.

II.

Áfrýjandi hefur áfrýjað uppboðsmáli þessu til Hæstaréttar sem sjálfstæðu máli.

Með bréfi 8. ágúst 1988 synjaði dómsmálaráðuneytið beiðni lögmanns áfrýjanda um leyfi til áfrýjunar málsins með þeim rökum, „að lagaskilyrði skorti til veitingar áfrýjunarleyfis þessa, þar sem

að liðnum þiggja mánaða fresti frá dómsathöfn geti dómsmálaráðherra ekki veitt slíkt leyfi, sbr. 4. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð. Í 2. mgr. nefndrar lagagreinar, sbr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt, er hinn venjulegi áfrýjunarfrestur í uppboðsmálum 4 vikur, en dómsmálaráðherra getur, ef sérstaklega stendur á, veitt leyfi til áfrýjunar innan þriggja mánaða frá lokum dómsathafnar. Ákvæði þetta verður að skoðast sem tæmandi talning í þeim undantekningum frá hinum venjulega áfrýjunarfresti í uppboðsmálum, og eiga því hvorki ákvæði 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt um veitingu leyfis innan sex mánaða né ákvæði 4. mgr. sömu gr. um veitingu leyfis innan tveggja ára, ef ríkar ástæður eru til, við.

Með vísun til framanritaðs brestur ráðuneytið lagaheimild til þess að veita umbeðið leyfi til áfrýjunar í ofangreindu uppboðsmáli.“

Samkvæmt framanskráðu og þar sem ekki eru skilyrði til áfrýjunar málsins samkvæmt 17. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, sem áfrýjandi vitnar til, ber að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefndu málskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, protabú Þorsteins Ingasonar, greiði stefndu, Búnaðarbanka Íslands og Sparisjóði Suður-Þingeyinga, 40.000 krónur hvorum í málskostnað fyrir Hæstarétti.